

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstrarvanda grunn- og leikskóla

Á fundi borgarráðs þann 1. september sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvernig meirihluti borgarstjórnar hyggst taka á rekstrarvanda grunn- og leikskóla í borginni og hvort ný forgangsröðun verði kynnt þar sem forgangsráðað verði í þágu mikilvægrar grunnþjónustu á borð við leikskóla og grunnskóla. Fyrir liggur að skólastjórnendur telja reiknilíkan skammta rangt til skólanna og að það sé úrelt. Nýtt reiknilíkan eigi að taka gildi 2018. Þá er óskað eftir upplýsingum um hvernig meirihluti borgarstjórnar hyggst láta stjórnendur grunn- og leikskóla færa hallarekstur á milli ára og hvort ekki er tekið tillit til sérstakra aðstæðna í rekstri áður en hallarekstur skal færður á milli.

Svar:

Á fundi borgarráðs þann 15. september 2016 var samþykkt aðgerðaáætlun í skólamálum sbr. bréf borgarstjóra, dags. 14. september 2016. Aðgerðaáætlunin felur eftirfarandi í sér:

1. Leikskólar og grunnskólar fá aukið fjármagn vegna langtímaveikinda starfsmanna, sérkennslu og skólaaksturs, alls 678.612 þús.kr. vegna 2016.
2. Fjármagn vegna skólamáltíða er aukið. Fæðisgjald verður hækkað í leik- og grunnskólum um 100 kr/dag frá 1. október nk. Munu þeir fjármunir renna óskiptir í hráefnisinnkaup í viðkomandi starfsstöðvum. Þá verður hluta af hagræðingu á starfsstöðvar vegna hráefnisinnkaupa skilað til baka, alls 45 m. kr. á árinu 2016 vegna tafa sem orðið hafa á innleiðingu útboða. Með þessu munu leikskólar hafa úr að spila 416 kr. á dag á hvert barn í stað 306 kr. Þá munu grunnskólar hafa úr að spila 336 kr. í stað 224 kr.
3. Hækkun framlaga vegna námsgagna í leikskólum. Framlög verða hækkuð vegna námsgagna til skapandi starfs í leikskólum, úr 1.800 kr á barn í 3.000 kr á barn. Fjárframlög til leikskóla vegna þessa hækka um 6,9 m. kr. á haustmánuðum 2016 sem og á árinu 2017.
4. Efling faglegs starfs í leikskólum. Auknu fjármagni verði veitt til faglegs starfs í leikskólum með 24.806 þús kr. viðbótarframlögum til aukins undirbúningstíma haustið 2016. Jafnframt verða tryggðir fjármunir til aukins undirbúningstíma á leikskólum í fjárhagsáætlun 2017.
5. Efling faglegs starfs í grunnskólum. Auknu fjármagni, 60 m. kr., verði veitt til faglegrar stjórnunar í grunnskólum haustið 2016. Jafnframt verður hugað að þessum þætti við undirbúning fjárhagsáætlunar 2017.

6. Inntaka barna fæddra í mars og apríl 2015. Opnað verði fyrir inntöku barna sem fædd eru í mars og apríl 2015 á leikskóla borgarinnar frá og með áramótum 2017. Nákvæm dagsetning inntöku mun taka mið af rými og starfsmannahaldi viðkomandi leikskóla. Til þessarar aðgerðar verði tryggðar 425 m. kr. í fjárhagsáætlun 2017. Jafnframt verður ráðist í sameiginlegt átak með fagfélögum leikskólastarfsfólks um nýliðun og fjölgun leikskólakennara með það fyrir augum að gera starf á leikskólum eftirsóknarverðara.
7. Endurskoðun úthlutunarlíkana leik- og grunnskóla og frístundamiðstöðvar. Unnin verði ný úthlutunarlíkөн fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar þar sem byggt verður á fyrirbyggjandi gögnum ekki síst ábendingum stjórnenda og frekari fjárhagslegri greiningu á rekstrinum sem liggja fyrir á vormánuðum 2017 og taki gildi fyrir skólaárið 2017-18.
8. Meðferð á halla frá 2015. Leik- og grunnskólar þurfi ekki að mæta halla vegna 2015 á árinu 2016 og verði staða einstakra starfstaða metin á næstunni í ljósi ábendinga stjórnenda um óviðráðanleg ytri skilyrði á viðkomandi starfsstöðvum. Þá verði tekin mið af niðurstöðum um nýtt úthlutunarlíkan, sbr. lið 7.
9. Hækkun framlaga vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. Við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að fjárveitingar til skóla- og frístundasviðs hækki vegna kjarasamningsbundinna hækkana launa sem gerðir voru í lok árs 2015. Hækkunin milli áráanna 2015 og 2017 eru 3,3 milljarðar, þar af er hækkunin milli áráanna 2016 og 2017 er um 1,0 milljarður kr. Þegar náðst hafa samningar um kjör grunnskólakennara við félag grunnskólakennara mun þessi upphæð hækka enn frekar.
10. Bætt upplýsingagjöf og aukinn stuðningur við starfsstöðvar. Lögð verði áhersla á bættu upplýsingagjöf, aukna ráðgjöf og stuðning við stjórnendur sem þess óska varðandi fjárhag og rekstur sinna starfsstöðva.

Sigurður Björn Blöndal
e.u.